

Skipulag lóða - leiðbeiningar Norðurorku

Áður en hafist er handa við hönnun á skipulagi lóða er mikilvægt að kanna hvaða fyrirtæki munu afhenda tengingar á rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og fjarskiptum á svæðinu. Þegar það liggur fyrir getur verið gott að kynna sér hvort tengingar gangi upp á umræddu svæði.

Öllu jafna fá veitufyrirtæki deiliskipulagsbreytingar á sínu starfssvæði til umfjöllunar. Það er þó mikilvægt að aðilar sem standa á bak við slík verkefni kynni sér hvaða fyrirtæki munu afhenda tengingar á svæðinu og ræði við þau. Eins er mikilvægt að kynna sér vel það sem kemur fram í umfjöllun skipulagsbreytinga frá viðeigandi veitufyrirtækjum.

Hönnun og lagning veitukerfa

Misjafnt er milli veitufyrirtækja hvernig unnið er að hönnun og lagningu veitukerfa og því er mikilvægt að kynna sér þessi mál tímanlega. Hér fyrir neðan verður farið yfir það hvernig ferlið virkar hjá Norðurorku.

Að bæta við minni eða stærri hverfum í dreifikerfi Norðurorku getur verið allt frá því að vera einfalt í það að vera ógerlegt. Að sama skapi getur því fylgt mikill kostnaður sem að Norðurorku er óheimilt að fella á aðra notendur viðkomandi veitu. Því er afar mikilvægt að hefja tímalega samtal við Norðurorku um fyrirhugaðar framkvæmdir þar sem samið er um meðal annars hvaða atriðum þarf að ganga frá áður en vinna við hönnun hefst.

Hönnun veitukerfa hefst þegar allir aðilar sem koma að verkinu (forsvarsmenn skipulags og viðeigandi veitufyrirtækis) eru sammála um hvernig verkið skuli unnið. Á þessum tímapunkti er gott að hafa í huga að ekki er búið að fullhanna né panta efni í veitukerfin sem þýðir að 2-12 vikur geta litið þar til klárt er að hefja verk. Þessi tími skýrist af því að það getur tekið allt að 12 vikur að tryggja sér efni. Eins er rétt að ítreka að í flóknari verkefnum getur verið um lengri tíma að ræða.

Skref fyrir skref

Fyrsta skref

- Í hverju felst verkefnið
- Áfangaskipting
- Áætluð þörf, t.d. á brunavatni
- Staða skipulags

Annað skref

- Norðurorka kannar möguleika á tengingum
- Norðurorka leggur fram grófa kostanaðaráætlun og kemur með athugasemdir

Þriðja skref

- Umræða um kostnaðarskiptingu og drög að samningi
- Samvinna við aðrar veitur sem koma að verkefninu

Fjórða skref

- Gengið frá samningi

Fimmta skref

- Hönnun hefst í samtali við aðra hagaðila og framkvæmdir hefjast í framhaldinu

Norðurorka gerir kröfu um eftirfarandi atriði

- Þegar hönnun veitukerfa liggur fyrir er hægt að huga að því hvernig verkið verður unnið. Yfirleitt er **samið við jarðvinnuverktaka** um að vinna svona verk og það getur tekið tíma að ganga frá því. Þá sérstaklega ef mörg fyrirtæki koma að verkinu.
- Þegar mörg fyrirtæki koma að verkinu gerir Norðurorka þá kröfu að útbúin sé **magnskrá** þar sem tekið er á kostnaðarskiptingu milli aðila (verkkaupa) í verkinu.
- Eins fer Norðurorka fram á það að ráðinn sé **utanaðkomandi aðili í eftirlit og skiptingu reikninga**. Það er sá aðili sem sér um að yfirfara magntölur og skipta þannig kostnaði milli verkkaupa í verkinu.
- Norðurorka mun einnig skipa verkefnastjóra** hjá sér sem heldur utan um verkið og fer með eftirlit á verkliðum sem snúa að Norðurorku.
- Farið er fram á að jarðverktaki skili inn **verkáætlun** þar sem fram kemur hvenær einstaka verkliðir verða framkvæmdir.
- Vakin er athygli á því að **efni þarf að liggja fyrir** áður en hægt er að byrja á verkinu.
- Ef um er að ræða stærri og flóknari verk fer Norðurorka fram á að haldnir séu verkfundir í það minnsta á mánaðarfresti á meðan verið er að vinna í verkinu.

Gangi þér vel